

Framtíðarsýn

Í nýrri aðalnámsská sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur gefið út er að finna þá grunnþætti sem eiga að mynda kjarna menntastefnu. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og eiga að skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólakerfi.

Sú menntastefna sem birt er í aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerðina.

Þessir grunnþættir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu.

Fræðslu- og menningarnefnd Norðurlands hefur þessa sex grunnþætti að leiðarljósi í menntastofnunum í Norðurlandi og að þeir verði rauði þráðurinn í skólastarfinu. Læsi er breitt hugtak og í víðum skilningi þess orðs er það mikilvægur þáttur í samskiptum.

Foreldrar, forráðamenn og starfsfólk skóla kenna ungum börnum í umsjá sinni að lesa í umhverfi sitt og hættur, tjá skoðanir sínar, upplifun og tilfinningar. Að vera læs til bókar og öðlast skilning á ritað mál er önnur birtingarmynd læsis þ.e. að lesa til náms sér til fróðleiks og ánægju.


Framtíðarsýn fræðslu- og menningarnefndar Norðurlands er að góð samvinna verði milli heimili og skóla þar sem þessi markmið nást og við öll í sameiningu getum gert skóla Norðurlands að enn betri skólum. Að skólaumhverfið verði fræðandi á sem flestan hátt og skili góðum og sterkum einstaklingum út í lífið, þar sem virkar forvarnir eru viðhafðar samhliða fræðslustarfinu. Hver skóli haldi sinni sérstöðu, hver í sínu umhverfi, og hafi sínar eigin útfærslur á:

- Því sem einkennir góðan skóla.

Frá Grænuvöllum



Góðar venjur, mótaðar í æsku gera gæfumuninn. –Aristóteles



Grunnskóli Raufarhafnar

Samrekin leik- og grunnskóli

Skólahverfi: Raufarhöfn - Melrakkaslétta

<http://grunnskoli.raufarhofn.is/>

Sími: 464 9870

Öxarfjarðarskóli

Samrekin leik- og grunnskóli

Skólahverfi: Melrakkaslétta - Kópasker - Núpasveit - Öxarfjörður - Kelduhverfi

Dagvistun/leikskóladeild Kópaskeri

<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/>

Sími: 465 2244

Borgarhólsskóli

Heildstæður grunnskóli

Skólahverfi: Húsavík - Reykjavírhverfi

<http://www.borgarholsskoli.is/>

Sími: 464 6140

Grænuvellir

Sjö deilda leikskóli

Skólahverfi: Húsavík - Reykjavírhverfi

<http://graenuvellir.nordurthing.is/>

Sími: 464 6160



SKÓLASTEFNA



NORÐURLAND

Ábyrgðarmenn: Fræðslu- og menningarnefnd Norðurlands
Ketilsbraut 7-9 • 640 Húsavík • www.nordurthing.is

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla (nr.90/2008) og grunnskóla (nr.91/2008) er sveitarfélögum skylt að koma á almennti stefnu um leik- og grunnskóla-hald í sveitarfélaginu, kynna hana íbúum og gera aðgengilega. Árið 2008 voru skipaðir sérstakir vinnuhópar í Norðurþingi með það að markmiði að móta stefnu og framtíðarsýn um skólastefnu sveitarfélagsins. Hóparnir voru sjö talsins, sex einstaklingar í hverjum hópi, sem komu úr röðum foreldra, stjórnenda, kennara og nemenda víðs vegar úr sveitarfélaginu. Hóparnir hittust á svokölluðum „hugarflugsfundi“ í Lundi í Öxarfirði og unnu skýrar og greinargóðar niðurstöður sem ákveðið hefur verið að hafa að leiðarljósi við gerð stefnu þessarar.

Hóparnir störfuðu undir stjórn Trausta Þorsteinssonar lektors við Háskólann á Akureyri og voru faglegar athugasemdir og sjónarmið höfð til hliðsjónar.

Árið 2009 ákvað þáverandi fræðslu- og menningarnefnd að leggja til hliðar þessa vinnu m.a. vegna óvissu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í ársbyrjun 2012 var þráðurinn tekinn upp að nýju þar sem ný aðal-námsskrá leit dagsins ljós. Fræðslu- og menningarnefnd kynnti drög að skólastefnunni í leik- og grunnskólum Norðurþings dagana 26. mars og 27. mars 2012. Starfsfólk var beðið um að koma með athugasemdir og tillögur sem unnið var með áfram inn í stefnuna.

Þakkar nefndin öllum þeim aðilum sem komið hafa að gerð Skólastefnu Norðurþings kærlega fyrir samvinnuna.

Inngangur

Fræðslu- og menningarnefnd Norðurþings hefur umsjón með vinnu og útgáfu á Skólastefnu Norðurþings. Skólastefnan skal vera lifandi og í stöðugri endurskoðun og er skólum í sveitarfélaginu ætlað að taka mið af stefnunni við gerð skólanámskrár. Farsælt starf skóla í Norðurþingi er eitt af lykilatriðum í þróun byggðar og hlutverk sveitarfélagsins og starfs-fólks þess er að standa vörð um rekstur og sérstöðu skólanna. Skólar Norðurþings skulu sem mest vera sjálfstæðar stofnanir, hver með sitt sér-kenni, en eiga þó með sér náið samstarf og vera í góðum tengslum við samfélagið í heild og atvinnulíf svæðisins. Skólastjórar skulu vera faglegir forystumenn og stjórnun skólanna einkennast af lýðræðislegum starfs-háttum. Ábyrgð starfsfólks skólanna er einnig mikil, forysta er í þeirra

Frá Borgarhólsskóla



Sá sem kennir börnum, lærir meira en þau. –Þýskt spakmæli

Frá Grænuvöllum



höndum og þeim falið að ýta undir sameiginlega ábyrgð foreldra, starfs-fólks og nemenda og miðlun upplýsinga milli heimilis og skóla. Þá skulu foreldrar, ekki síður en nemendur og starfsfólk, gerðir að virkum þátt-takendum í starfinu.

Eftirlit og eftirfylgni er á ábyrgð fræðslu- og menningarnefndar Norður-þings og hefur nefndin fræðslu- og menningarfulltrúa sem starfsmann nefndarinnar og skólanna. Vegna sérstöðu hvers skóla fyrir sig í sveitar-félaginu, mun hver skóli leggja línurnar hvernig þeir hyggjast fylgja skóla-stefnunni eftir og nefndin ákveður eftirfylgnina og eftirlitið.

Nemendur og skólinn - Góður skóli einkennist af:

- Kennslu þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín
- Eflingu sjálfsvitundar nemenda og virkni í skapandi starfi
- Jákvæðum samskiptum, samvinnu, metnaði og væntingum nemenda og skóla
- Öflugu íþrótta- , menningar- og félagsstarfi þar sem hvatt er til þátttöku einstaklinga
- Virðingu fyrir þörfum sérhvers nemanda þar sem heilbrigði hans, vellíðan og lífshamingja eru höfð að leiðarljósi

Frá Öxarfjarðarskóla



Börn þarfnast frekar fyrirmynda en gagnrýnenda. –Joubert

Starfsfólkið og skólinn - Góður skóli einkennist af:

- Skólastjórnendum sem faglegum forystumönnum
- Lýðræðislegum stjórnunar- og starfsháttum
- Faglegri vinnu starfsfólks með áherslu á samráð og sameiginlega ábyrgð
- Sameiginlegri þekkingaröflun starfsfólks þar sem rannsóknir og fagleg hugsun eru ríkur þáttur
- Starfsfólki sem byggir upp hæfni og getu til umbóta og þróunar í starfi

Heimilin og skólinn - Góður skóli einkennist af:

- Jákvæðum og opnum samskiptum heimilis og skóla þar sem gagnkvæm virðing og trúnaður ríkir
- Jákvæðu andrúmslofti þar sem foreldrar finna sig ætíð velkomna og að aðstoð þeirra hafi gildi
- Virðingu fyrir þekkingu foreldra á eigin börnum
- Virku starfi foreldraráða og foreldrafélaga og markvisst hlúð að starfi þeirra

Samfélagið, umhverfið og skólinn - Góður skóli einkennist af:

- Samvinnu og trúnaði milli skóla og skólayfirvalda
- Námi og kennslu þar sem umhverfi, náttúra, saga og menning svæðisins eru nýtt
- Nánu samstarfi og góðum tengslum við samfélagið í heild og atvinnulíf svæðisins
- Virkri forvarnarstefnu með breiðri þátttöku úr samfélaginu
- Góðu samstarfi við íþrótta- og tómstundafélög

Frá Grunnskóla Raufarhafnar



Frá Öxarfjarðarskóla



Hvert barn fæðist snillingur. –Albert Einstein